

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna.

60

14. maí

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að Landssmiðjan hafi orðið að leggja stórfé í húsakynni handa smiðjunni, sem hafi verið orðin með öllu óviðunandi. Enn fremur hafi hún orðið að kaupa dýra lóð undir húsið og athafnasvæði smiðjunnar. Loks hafi hún einkum vegna bátasmíða fyrir ríkið orðið að reisa dýra bátasmíðastöð við Elliðaárvog, auk þess sem hún verði jafnan að hafa fyrirbyggjandi ýmislegt smíðaeefni fyrir mörg hundruð þúsundir króna. Þar sem smiðjan þannig hafi orðið að festa mjög mikið fé, sé hún erfiðlega sett með rekstrarfé og ekki annað fært en að veita henni ríkisábyrgð fyrir láni í því skyni, sem muni verða að nema 1 500 000 krónum. Hefur ráðherrann farið fram á, að veitt verði heimild handa ríkisstjórninni til þessarar ábyrgðar með bráðabirgðalögum.

Með því að ég fellst á að ekki verði hjá því komið að veita þessa ríkisábyrgð, set ég samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landssmiðjuna allt að 1 500 000 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1946.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

61

14. maí

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér það, sem hér fer á eftir:

Í 4. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, er svo ákveðið, að í þeim hreppum þar sem  $\frac{3}{4}$  hlutar íbúanna eru ekki búsettir í kaптúni, skuli hreppsnefndarkosningar fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði.

Þar sem miklir annmarkar eru á því að láta hreppsnefndarkosningar fara fram samtímis alþingiskosningunum, er að þessu sinni fara fram 30. júní n. k., verður að telja nauðsynlegt að fresta þeim um vikutíma eða til 7. júlí 1946.

61  
14. maí

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um téð efni samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar set ég bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1946, skal frestað, og skulu þær fara fram 7. júlí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*

62  
21. maí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að framlengja fiskveiða- og atvinnuréttindi Dana á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að samkvæmt lögum nr. 18 24. marz 1944, hafi réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi, er þeim voru áskilin í 6. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur 30. nóvember 1918, fallið niður 5. marz 1946, en hann telji rétt, að danskir ríkisborgarar njóti áfram þeirra fiskveiða- og atvinnuréttinda hér á landi, er þeir hafa notið hingað til, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þar til samningum þeim vegna niðurfellingar sambandslaganna, sem nú standa yfir, er lokið.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. desember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á, til að láta danska ríkisborgara njóta áfram þeirra fiskveiða- og atvinnuréttinda hér á landi, er þeir hafa notið hingað til, þó eigi lengur en til 30. september 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. maí 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*